

Fastir liðir

Messur og bænastundir vikunnar

Mánudagar kl. 12.15: Hádegisbænir.

Þriðjudagar kl. 10.30: Fyrirbænamessa í kórkjallara.

Miðvikudagar kl. 8: Árdegismessa.

Fimmtudagar kl. 12: Kyrrðarstund.

Æskulýðsstarf Hallgrímskirkju

Þriðjudaga kl. 11.30 – 12.30: Krílasálmar í kirkjunni.

Þriðjudaga kl. 19.30 – 21.30: Æskulýðsfélagið Örkin í kórkjallara.

Miðvikudaga kl. 10 – 12: Foreldramorgnar í kórkjallara.

Miðvikudaga kl. 15.15 – 16.15: Fermingarfræðsla í kórkjallara.

Fimmtudaga kl. 14.15 – 15.15: TTT – tíu til tólf ára starfið í kórkjallara.

Æfingar kóra Hallgrímskirkju

Mótettukórinn: Mánudaga kl. 18 – 19.30 og

þriðjudaga kl. 19.30 – 22.

Schola cantorum: Fimmtudaga kl. 16.30 – 19.

Á döfinni

Sunnudagur 10. mars: Hvernig mæltist prestinum? Fyrirlestur í

Suðursal. Þórsteinn Ragnarsson fjallar um sr. Ragnar Fjalar

Lárusson.

Sunnudagur 10. mars: Messa og barnastarf kl. 11.

Sunnudagur 10. mars: Tónleikar með Mótettukór Hallgrímskirkju

kl. 17. Rómantísk kórtónlist eftir Bruckner, Mendelssohn ofl.

Aðgangseyrir: 3.900 kr.

Heimasíða Hallgrímskirkju er www.hallgrimskirkja.is

Endilega smellið „like“ á Facebook og „follow“ á Instagram

Og munið #hallgrimskirkja

HALLGRÍMSKIRKJA

Sunnudagur í föstuingang – Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar

Fjölskylduguðþjónusta 3. mars 2018, kl. 11.00.

Umsjón: Sr. Sigurður Árni Þórðarson, Inga Harðardóttir

æskulýðsfulltrúi. Messuþjónar aðstoða ásamt

sunnudagsleiðtogum. Tónlist: Björn Steinar Sólbergsson organisti,

Mótettukór Hallgrímskirkju, Fiðlusveit Breiðagerðisskóla undir

stjórn Rósu Jóhannesdóttur. Fermingarbörnin taka virkan þátt í

helgihaldinu. Fermingarbörn flytja hugleiðingu.

Forspil: Intrada, Finn Mathiesen

Innganga, signing og bæn

Sunnudagaskólalög:

Tikkittikita & Djúp og breið

Ritningarlestur – 1. Mós 2.15

Sálmur: Syngið Drottni sól og máni

Guðspjallssagan – Matt 6.25-34

Sálmur: Drottinn er minn hirðir

Hugleiðing – samtalsprédikun

Sunnudagaskólalög – Regnboginn er himinhár

Fiðlusveit Breiðagerðisskóla leikur útgáfur af Guð gaf mér eyra – Rósa

Jóhannesdóttir stjórnar

Bænaþanga – prestur kynnir bænastöðvar. Ljósberi, skírnarfontur,

þvottaklemmur & snúra og bænatré.

Orgelspil undir bænaþöngu: Andante cantabile, úr orgelsinfóníu nr. IV

í F-dúr, Charles-Marie Widor

Bænir fermingarbarna og faðir vor

Blessun

Lokasálmur – Eigi stjörnum ofar

Eftirspil: Boléro de concert, Louis James Alfred Lefébure-Wély

Takið virkan þátt í guðþjónustunni

Eftir messu eru fermingarbörnin með kökusölu og nytjamarkað í

Suðursalnum til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar auk þess sem

hægt er að setja fræ í mold og rækta sínar eigin paprikur.

Tikki tikki ta, tikki tikki ta

Tikki, tikki, tikki, tikki ta.
Tikki tikki ta, tikki tikki ta,
Tikki tikki ta, tikki tikki ta.

Alla daga' og allar nætur,
augu Jesú vaka yfir mér.
Alla daga' og alla nætur
augu Jesú vaka yfir mér.

Djúp og breið

Djúp og breið, djúp og breið, það er á sem rennur djúp og breið.
Djúp og breið, djúp og breið, það er á sem rennur djúp og breið.
Og hún rennur til mín og hún rennur til þín, og hún heitir lífsins lind.
Djúp og breið, djúp og breið, það er á sem rennur djúp og breið.

Texti: Höfundur ókunnur Lag: Höfundur ókunnur

Syngið Drottni sól og máni

Syngið Drottni, sól og máni,
sérhvert ljós sem kveikir hann.
Syngið Drottni, himnar háir,
hljómi allt sem lofa kann.

Lofið Drottin, hálsar, hæðir,
hjarnið jökla, foss og lind.
Lofa Drottin, fugl og fluga,
fjallabúar, geit og kind.

Heiðrið Drottin, höfin jarðar,
húmið, regnið, vindur, snær.
Tignið Drottin, tré og steinar,
tindar fjalla, ljúfur blær.

Lofa Drottin, kristin kirkja,
konung þinn í líki manns.
Honum skulum vegsemd veita
vernduð öll í faðmi hans.

Frostenson - Kristján Valur Ingólfsson

Drottinn er minn hirðir

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert breyta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,

sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.

23. Davíðssálmur

Regnboginn

Regnboginn er himinhár,
gulur, rauður, grænn og blár.
Regnboginn er sáttmáli
milli Guðs og mín.

1. Mós. 9.1-17

Lag og texti: Helga Jónsdóttir

Eigi stjörnum ofar

Eigi stjörnum ofar
á ég þig að finna,
meðal bræðra minna
mín þú leitar, Guð.

Hvar sem þrautir þjaka,
þig ég heyrir biðja:
Viltu veikan styðja,
vera hjá mér þar?

Nær en blærinn, blómið,
barn á mínum armi,
ást í eigin barmi,
ertu hjá mér, Guð.

Já, þinn vil ég vera,
vígja þér mitt hjarta,
láta ljós þitt bjarta
leiða, blessa mig.

Sigurbjörn Einarsson